

**Nefndasvið Alþingis**

Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2009

**Efni: Umsögn Norðuráls um frumvarp um heimild til samninga um álver í Helguvík. Lagt fyrir á 136. löggjafarþingi 2008-2009, þskj. 664, 394. mál.**

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar dags. 17. mars 2009 þar sem Norðuráli er fengið til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Norðurál hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar, er efni frumvarpsins sammála og gerir ekki efnislegar athugasemdir við það. Við teljum þó rétt að láta í té eftirfarandi umsögn.

Norðuráli hefur unnið að undirbúningi álvers í Helguvík frá árinu 2004. Framkvæmdir við byggingu þess hófust á síðasta ári, árið 2008, eftir að gengið hafði verið frá mati á umhverfisáhrifum, nauðsynlegum leyfum fyrir byggingu og rekstur 250 þúsund tonna álvers. Einn þáttur þessa undirbúnings voru viðræður vegna fjármögnunar verkefnisins sem leiddar voru af innlendum bönkum. Síðastliðið haust, þegar ljóst var að þeir gætu ekki staðið við fyrirætlanir sínar var hægt á framkvæmdahraða verkefnisins í Helguvík. Móðurfélag Norðuráls, Century Aluminum Company hefur lagt félaginu til aukið eigið fé vegna framkvæmdanna og hefur Norðurál þegar varið á annan tug milljarða króna til verkefnisins í Helguvík, fjármagnað með eigin fé. Norðurál er skuldlaust við lánastofnanir og er bókfært mat eigna ríflega 100 milljarðar íslenskra króna.

Á undanförunum mánuðum hafa aðstæður breyst verulega jafnt á Íslandi og erlendis. Alþjóðleg efnahagskreppa hefur þrengt verulega aðgang að fjármagni og orðspor Íslands beðið hnekkis. Að mati Norðuráls er gerð fjárfestingarsamnings við íslenska ríkið vegna framkvæmdanna í Helguvík því mikilvæg forsenda þess að ásættanlegir samningar náist um fjármögnun álversins og tengdra framkvæmda.

Verkefni Norðuráls í Helguvík hefur notið mikils stuðnings og velvilðar nágrannasveitarfélaga og íbúa á Suðurnesjum. Áhyggjur af atvinnuleysi eru mjög áberandi á Suðurnesjum enda atvinnuleysi þar mest allra svæða á Íslandi. Mikill og almennur áhugi er á framgangi verkefnisins, s.s. hjá verkalýðsfélögum, atvinnulífni, verktökum, verkfræðingum, arkitektum og iðnaðarmönnum. Ljóst er að mörg störf munu skapast, jafnt við framkvæmdina sjálfa og þá rekstur álversins.

Áætlanir Norðuráls gera ráð fyrir að um 3300 mannaþarfur verði við byggingu álversins. Við það bætast um 1000 mannaþarfur við hönnun og verkefnastjórn sem áætlað er að verði alfarið í höndum íslenskra fyrirtækja. Það yrði í fyrsta sinn sem svo stóru verkefni væri stýrt frá upphafi einungis af íslenskum verkfræðingum og hannað af

Íslenskum verkfræðistofum. Norðurál hefur enn fremur beðið erlenda birgja sína að kanna hagkvæmni þess og möguleika að færa samsetningarvinnu, hönnun og uppsetningu búnaðar til Íslands og íslenskra fyrirtækja. Með því er mögulegt að fjölga enn frekar þeim störfum sem myndast við uppbyggingu álversins í Helguvík. Það hefur alla tíð verið stefna Norðuráls að leitast við að nýta þjónustu innlendra aðila eins og kostur er og má þar með annars nefna verkfræðistofur, verktaka, iðnfyrirtæki, flutningafyrirtæki og fjármálastofnanir. Þessi áhersla hefur skapað verðmæta þekkingu sem nýtt er í vaxandi mæli til útflutnings á þekkingu. Þá hefur móðurfélag Norðuráls, Century Aluminum Company, verið skráð á íslenskan hlutabréfamarkað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Norðuráls Helguvíkur ehf.



Ragnar Guðmundsson  
Forstjóri